

35. fundur
Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtún1, Tálknafirði,
mánudaginn 15. desember 2008 og hófst hann kl. 16:30

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GAB), Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Ingólfur Kjartansson (IK), Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Þórir Sigurðsson (ÞS)

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS)

Dagskrá:

1. 0812066 - Grunnskóli Tálknafjarðar, almennt um rekstur og stöðu skólans, starfsmannahald ofl.

Til máls tóku GSB,GAB,BB,EIS,IK,ÞS og SG

GSB bar fram fyrirspurn um hvort borist hefðu fyrirspurnir og/eða umsóknir um lausar stöður sem auglýstar hafa verið. Skólastjóri upplýsti að nokkrar fyrirspurnir hefðu borist, símleiðis, í netpósti og ein bréflega, en engar formlegar umsóknir. EIS spurði hvers vegna ekki hefði verið auglýst í lausa stöðu eftir fund skólanefndar 29.september 2008, staðfest af hreppsnefnd 16.október 2008, fyrsta auglýsing birtist ekki fyrr en 30.nóvember 2008. IK upplýsti að beðið hefði verið með auglýsingu vegna ástandsins í þjófélaginu. Umræður um viðbrögð ef ekki tekst að ráða í lausa stöðu.

EIS spurði um stöðu verkefnisins Nordplus Junior. IK upplýsti um veikindi tengiliðs í Juhanalan skóla,sem setur málið í biðstöðu. Verið er að reyna að fá Pielisjoki skóla í Finnlandi til samstarfs, það er óljóst hvort það tekst þar sem styrkveitingin er eyrnamerkt ákveðnum skólum þ.e. þeim sem sækja um í upphafi.

EIS spurði um Olweus verkefnið, framkvæmd þess innan skólans. IK upplýsti hvernig skipulag við framkvæmd verkefnisins væri innan skólans.

GSB spyr hvernig stuðningi er háttað innan skólans. Stuðningsfulltrúar eru tveir við skólann. GSB spyr hvort hann er nægjanlegur vegna þess að annar stuðningsfulltrúi fylgi að mestu leyti einum skjólstæðing. Í upphafi skólaárs kynnti IK skólanefnd hversu mörg börn þyrftu stuðning á skólaárinu 2008-2009 og því vaknar sú spurning hvort stuðningur er nægjanlegur við aðra skjólstæðinga og hvort fjármagn fylgi með frá Jöfnunarsjóði til þess að greiða fyrir aukinn stuðning.

EIS kynnti fyrir skólanefnd að eftir fund með skólastjóra og umsjónarkennurum þriðjudaginn 9.desember var tekin ákvörðun um að umsjónarkennarar myndu ekki sinna gæslu nemenda í mötuneyti frá áramótum. IK skipuleggur gæslu á matmálistímum nemenda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>